

Laufásvegur, 20
101 Reykjavík.

Mættir á fund: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands) er fjarverandi, og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri myndlistarsjóðs ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 12:25

Dagskrá fundar: Viðurkenningar Myndlistarráðs 2022

Myndlistarráð kom saman til að ræða og velja hverjir hljóta viðurkenningar á þessu ári. Farið var í skilgreiningarnar á viðurkenningunum sem ráðið samþykkti. Dagný Heiðdal, óskaði eftir að vera fjarverandi á þessum fundi vegna starfa sinna við Listasafn Íslands og sömuleiðis varamaður hennar Harpa Þórsdóttir.

Þetta er í annað sinn sem Myndlistarráð mun veita viðurkenningar fyrir útgefið efni. Þá er hvort heldur sem er í prentuðu eða stafrænu formi, en viðurkenning er veitt stofnun, einstaklingi eða fyrirtæki sem staðið hefur að framlagi sem talið er hafa mikilvægt gildi fyrir kynningu og rannsóknir á íslenskri myndlist. Ýmsar útgáfur komu út á árinu, bæði veglegar bækur en líka viðaminni áhugaverðar sýningarskrár. Eftir að hafa safnað því saman og rýnt, komst Myndlistarráð að einróma niðurstöðu.

Síðastliðin ár hafa verið margar fjölbreyttar og áhugaverðar samsýningar settar upp, og þótti ástæða til að veita því athygli. En í fyrsta skipti mun Myndlistarráð veita tvær nýjar viðurkenningar. Það eru viðurkenningar fyrir áhugaverðasta endurlitið og áhugaverðustu samsýninguna.

Áhugaverðasta endurlitið.

Viðurkenningin verði árlega veitt safni, sýningarými, hópi og/eða sýningarstjóra sem staðið hefur að einstaklega vel heppnaðri sýningu hér á landi á eldri, sögulegri, innlendri myndlist þar sem ljósi er varpað á listgrein, stefnu, hóp eða einstakling.

Áhugaverðasta samsýningin.

Viðurkenningin verði árlega veitt safni, sýningarými, myndlistahátíð, hópi og/eða sýningarstjóra er staðið hefur að samsýningu á myndlist sem talin er hafa skarað fram úr á sýningar vettvangi hér á landi.

Myndlistarráð komst að einróma niðurstöðu með val á sýningum í báðum flokkum og mun skrifa texta vali sínu til rökstuðnings. Viðurkenningarnar verða veittar á íslensku myndlistarverðlaununum 2022 sem haldin verða í mars.

Næsti fundur er fyrirhugaður mánudagur 17. janúar kl. 8:30.

Fundi slitið kl.13:45